

# PERSÓNUVERNDARSTEFNA FASTUS

Fastus ehf. er umhugað um persónuvernd og leggur áherslu á örugga og ábyrga meðferð persónuupplýsinga. Tryggt skal að fyrirtækið fari eftir lögum íslenska ríkisins nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Í persónuverndarstefnunni eru útskýringar á því hvaða persónuupplýsingum Fastus safnar, hvers vegna þeim er safnað og hvert upplýsingunum kunni að vera miðlað. Viðskiptavinir, starfsmenn og umsækjendur geta nálgast upplýsingar á vefsvæði Fastus um hvaða persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, hvernig þær eru vistaðar, hver hafi aðgang að þeim og hvenær þeim verði eytt.

Persónuverndarstefnan tekur til persónuupplýsinga hvort sem þær eru varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum hætti. Persónuverndarstefnan nær yfir skráningu, söfnun, vinnslu, birtingu, flutning og geymslu á hvers konar persónuupplýsingum sem fyrirtækið safnar og vistar. Lögð er áherslu á að hámarka öryggi og réttleika persónuupplýsinga sem varðveittar eru hjá Fastus og að viðbrögð við öryggisbrestum séu tryggð.

## Tegundir persónuupplýsinga

Þær tegundir persónuupplýsinga sem Fastus vinnur með eru:

- Vefkökur eru textaskrár sem netvafrinn sækir þegar farið er inn á vefsvæði. Fastus nýtir þessar vefkökur meðal annars til að bæta upplifun notandans og til að fylgjast með og greina notkun á vefsvæðinu. Engar persónulegar upplýsingar eru vistaðar um notendur út frá þessum upplýsingum.
- Upplýsingar sem vafrar þeirra sem heimsækja heimasíðu Fastus senda, t.d. upplýsingar eins og IP-tölu, tegund vafra, síður þjónustunnar sem viðskiptavinur heimsækir, tíma og dagsetningu heimsóknar og önnur talnagögn.
- Tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer þegar viðskiptavinir t.d. hringja eða senda tölvupóst og óska eftir viðskiptum. Einnig er safnað tengiliðaupplýsingum ef viðskiptavinur samþykkir að fá efni frá Fastus í markaðstengdum tilgangi.
- Banka- og greiðsluupplýsingar birgja og samstarfsaðila. Slíkar upplýsingar fáum við frá samstarfsaðilum þegar þeir eiga viðskipti við fyrirtækið.
- Ferilskrár umsækjanda um störf. Slíkar upplýsingar berast til Fastus vegna atvinnuauglýsinga sem fyrirtækið birtir og einnig berast slíkar upplýsingar óumbeðið til fyrirtækisins.
- Samskiptasaga. Upplýsingar um þjónustu- og/eða vörukaup, svo sem um dagsetningu viðskipta, hvar viðskiptin áttu sér stað og hvað var keypt. Slíkar upplýsingar fáum við þegar viðskiptavinir eiga viðskipti við Fastus, hafa samband við okkur, hvort sem það er fyrirspurn eða beiðni um þjónustu.
- Fastus áskilur sér rétt til að sækja upplýsingar frá vanskilaskrá og setja í viðskiptamannavakt hjá Creditinfo þá einstaklinga sem vilja stofna til reikningsviðskipta við félagið.
- Upptökur í öryggis- og eftirlitsmyndavélum.

## Tilgangur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Fastus safnar og geymir persónuupplýsingar um viðskiptavini í eftirfarandi tilgangi:

- Til að geta veitt viðskiptavinum þá þjónustu sem þeir óska eftir, hvort sem það er vegna sölu eða þjónustu.
- Til að geta sent viðskiptavinum upplýsingar um tilboð, afslætti, sýningar og boð.
- Til að geta svarað fyrirspurnum viðskiptavina og sent þeim mikilvægar upplýsingar sem tengjast þjónustu við þá, t.d. upplýsingar um breytingar á skilmálum.
- Til að geta tekið ákvörðun um hvort stofna eigi til reikningsviðskipta og til að geta gefið tilboð í viðskiptakjör.
- Unnið er með upptökur úr eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni.
- Til að geta uppfyllt skyldur okkar samkvæmt bókhaldslögum, samkvæmt beiðnum frá opinberum yfirvöldum og stofnunum og öðrum ákvæðum laga.
- Til að geta greint og gert áætlanir innan fyrirtækisins og tekið saman tölfræðilegar upplýsingar í gæða-

og markaðsstarfi.

- Til þess að geta metið umsækjendur um störf hjá Fastus.

### **Áframsending persónugreinanlegra gagna til þriðja aðila**

Fastus miðlar persónuupplýsingum ekki til þriðja aðila án þess að samþykki viðskiptavinar fyrir miðluninni liggi fyrir, nema þar sem Fastus er það skylt samkvæmt lögum.

Fastus er heimilt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila í þeim tilgangi að ljúka við verkefni, veita viðskiptavini þjónustu eða afhenda vöru sem hann hefur beðið um eða samþykkt. Fastus er einnig heimilt að deila upplýsingum til þriðja aðila þegar það er nauðsynlegt til að vernda brýna hagsmuni, t.d. við innheimtu á viðskiptakröfum.

### **Notkun upplýsinga í markaðstengdum tilgangi**

Ef viðskiptavinir samþykkja getur Fastus notað persónuupplýsingar þeirra til að gera þeim kunnugt um almenn afsláttarkjör á vörum eða þjónustu sem og sent þeim annað markaðsefni. Auk þess getur fyrirtækið sent sérsniðið markaðsefni til viðskiptavina byggt á þeim upplýsingum sem Fastus hefur safnað um viðkomandi viðskiptavin. Óskað verður eftir samþykki viðskiptavina með rafrænum hætti.

Viðskiptavinir geta afturkallað samþykki sitt hvenær sem er til að koma í veg fyrir að fá sendar upplýsingar í markaðstengdum tilgangi. Hægt verður að afturkalla samþykki með því að fara á heimasíðu Fastus og afskrá sig, smella á tengil í tölvupósti sem þeir hafa fengið frá Fastus eða senda tölvupóst á [fastus@fastus.is](mailto:fastus@fastus.is). Reynt verður að verða við slíkri beiðni eins fljótt og mögulegt er.

### **Hversu lengi geymir Fastus gögnin**

Fastus skuldbindur sig til þess að varðveita persónugreinanlegar upplýsingar á öruggan og tryggan hátt. Gögn eru geymd eins og nauðsynlegt er miðað við tilgang, vinnslu og skilmála samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um annað.

### **Réttindi viðskiptavinar**

Einstaklingur á rétt á því að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra. Einnig á hann rétt á að andmæla vinnslu og fara fram á að gögn hans séu flutt. Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar.

### **Ábyrgð**

Framkvæmdastjóri Fastus ber ábyrgð á persónuverndarstefnu fyrirtækisins. Deildastjórar og persónuverndarfulltrúi bera ábyrgð á framkvæmd og fræðslu er varðar stefnuna. Allir starfsmenn Fastus sem hafa aðgang að hvers konar persónuupplýsingum skuldbinda sig til að fylgja stefnunni sem og persónuverndarreglum fyrirtækisins. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að fylgja verklagsreglum sem eiga að tryggja framkvæmd stefnunnar. Allir starfsmenn Fastus bera ábyrgð á að tilkynna frávik frá persónuverndarreglum Fastus.

### **Fyrirspurnir**

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Fastus með því að senda tölvupóst á netfangið [fastus@fastus.is](mailto:fastus@fastus.is).

### **Takmarkanir**

Fastus áskilur sér rétt til að breyta þessum skilmálum eftir því sem þörf er á hverju sinni í samræmi við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd. Við breytingu þarf að samþykkja skilmálana aftur.